

AUGLÝSING

um deiliskipulagsbreytingu í Garðabæ.

Miðbær Garðabæjar, efra svæði (svæði I og II), deiliskipulagsbreyting.

Í breytingunni felst:

Að hæsti kóti við Garðatorg 1 og 4 hækki um 1,5 m. Í frumhönnun hefur verið dregið úr massa 4. og 5. hæðar (m.a. rishæð) og verða hærri húshlutar nú 6 í stað 8 sem minnkar skuggavarp og opnar fyrir útsýni. En til þess að húsin njóti sín betur er óskað eftir hækkun sem mun verða nýtt til að hækka húsmæna bygginganna sem snúa göflum að torgi.

Að akstursrampi af torgi niður í bílakjallara færast til austurs. Þannig verður unnt að draga úr umfangi rampans, bæta umferðarflæði á torginu og fjölga bílastæðum við Garðatorg 5 og 7.

Að þjónustulóð við Hrísmóa 17 verður útfærð betur. Gert verður ráð fyrir skábraut í kjallara ásamt byggingarreit í kjallara sem hýsir sorpgáma og aðra þjónustu í tengslum við kjallara Garðatorgs 2.

Deiliskipulagsbreyting þessi hefur fengið meðferð í samræmi við 1. mgr. 26. gr. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

Garðabæ, 5. september 2008.

Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 8. september 2008